

Sp.

204. Tillaga

til þingsályktunar um einkasölu á steinolíu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 77, 14. nóv. 1917, til að taka í sínar hendur einkasölu á steinolíu.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktunartillögu, er samþykkt var á Alþingi 1925 með litlum atkvæðamun, var einkasala ríkisins á steinolíu afnumin í ársbyrjun 1926.

Þar sem almennar kosningar til Alþingis síðan hafa farið fram og flokka-skipunn í þinginu nú er mjög á annan veg en þá, þykir rjett að leita álitis þings-ins nm þetta mál.